

Fróðárundur á Þjóðminjasafni

– af þingi áhugamanna um sögu læknisfræðinnar

Óttar Guðmundsson
geðlæknir og formaður
FÁSL, Félags
áhugamanna um sögu
læknisfræðinnar



ottarg@landspitali.is

Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar hélt málþing í Þjóðminjasafninu um Fróðárundrin sem lýst er í Eyrbyggju laugardaginn 28. október síðastliðinn. Það segir mikið um þann áhuga sem alltaf er til staðar á Fróðárundrum að húsfyllir var á þinginu. Vilhelmina Haraldsdóttir var fundarstjóri og bauð hún gesti velkomna fyrir hönd félagsins.

Fróðárundur sem lýst er í Eyrbyggjasögu hafa um aldri bæði heillað menn og valdið þeim heilabrotum. Sagan lýsir á áhrifaríkan hátt hvernig fjöldi heimilismanna að Fróðá týndi lífinu annaðhvort í dularfullri pest eða ógnvekjandi skipsskaða. Allir hinu látnu gengu aftur og trufluðu daglegt líf heimilisfólks á bænum. Fólkíð veiktist með mæði, hita og óráði og einhver varð helblár á lit. Húsbóndinn drukknadi með heilli skipshöfn og sátu bæði sjódaudir og sótttauðir við langelda á kvöldin. Málinu var að lokum skotið til Snorra goða Þorgrímssonar höfðingja að Helgafelli sem leysti vandann. Hann kvað niður draugana með því að dæma þá fyrir dyradómi og losaði heimilismenn við sóttkveikjuna hver svo sem hún var. En hvað gekk eiginlega að Fróðá?

Fyrstur ræðumanna var Torfi Tulinius prófessor við HÍ. Hann nefndi erindi sitt: *Um breytilegt hlutverk goða í Eyrbyggju.*

Torfi sagði Eyrbyggja sögu meðal annars hverfast um persónu Snorra goða og stöðu hans í samfélaginu. Snorri þarf að beita brögðum til að endurheimta þessa

stöðu frá frænda sínum Berki digra. Til að halda henni þarf hann að keppa við menn sem eru „til minna um komnir fyrir ættar sakir“ en eiga „meira undir sér fyrir afls sakir og prófaðrar harðfengi“. Enn fremur er Snorri uppi á breytingatímum þegar landsmenn taka við kristni og hlutverki goða í trúarlífi lýkur. Enn fara þeir þó með mannaforráð og gegna mikilvægum störfum hvað varðar lög og rétt við að verja samfélagið fyrir ógnum sem koma utanfrá sem innan. Torfi kvaðst lesa frásögnina af Fróðárundrum, einkum niðurkvaðningu þeirra með samblandi af þjóðsagnaáferðum (gripir Þórgunnu brenndir), kirkjulegum (presturinn skriftar mönnum og segir messu) og lagalegum (dyradómur háður af syni og systursyni goðans), sem leið til að undirstrika nýtt hlutverk goðans í kristnu samfélagi. Það er að sjá um framkvæmd laga, en á dögum Eyrbyggjuhöfundar var einmitt tekist á um verkaskiptingu höfðingja og klerka á sviði dómsmála.

Formaður FÁSL (undirritaður) ræddi um lækninn Snorra goða og fjallaði um æsku og uppeldisskilyrði hans og það læknisorð sem af honum fór. Snorri lenti í margvíslegum áföllum strax á barnsaldri sem mótuðu alla hans persónugerð. Hann var bæði tengslaraskaður og illa haldinn af móþróaprjóskskuröskun í æsku. Í bókinni er lýst tvenns konar lækningum Snorra. Annars vegar eftir bardagann í Vigrafirði en hins vegar í Fróðárundrum. Snorri hefur greinilega verið læknir og átt spennitöng sem einungis var notuð í lækningum til að fjarlægja aðskotahluti úr sárum manna. Læknishlutverk Snorra hefur eflaust styrkt hann í baráttunni við aðra keppinauta um völd og áhrif á Snæfellsnesi.

Ármann Jakobsson prófessor fjallaði um særingamanninn Snorra. Hann ræddi ramma hugsunarinnar á miðöldum andstætt vísindalegri og læknisfræðilegri hugsun nútímans og þær lausnir sem miðaldamenn áttu andspænis tilvistarögn-

inni. Þar er staða Snorra í miðaldaheimildunum áhugaverð þar sem hann er bæði talinn fulltrúi jarðbundinnar nútímahugsunar en gripur einnig til draugagangs til að skýra aðstæður ef svo ber undir. Í Eyrbyggja sögu er hann svo særingamaður í samfloti við kirkjunnar menn og beitir þá dulúðugum helgisiðum í baráttu við ill annarsheimsöfl.

Hafsteinn Sæmundsson læknir ræddi um kenningar sínar varðandi Fróðárundur og höfund Eyrbyggju. Hafsteinn skrifaði grein í *Morgunblaðið* 1993 þar sem hann víðraði þá tilgátu sína að heimillismenn hefðu etið eitruð korn sem innihélt ergotamín. Þetta hefði leitt til ofskynjana fólksins og mikilla veikinda. Hann talaði lítilliga um þessar kenningar en megin tímanum varði hann í að ræða mögulegan höfund sögunnar. Hann leiddi að því líkur að höfundurinn hefði verið læknismenntaður eða notið ráðgjafar manns sem reynslu hefði af lækningum. Sami maður hefði líka haft mikið vit á siglingum og hafstraumum. Hafsteinn taldi líklegast að Sveinbjörn Hrafnsson Sveinbjarnarsonar frá Eyri við Arnarfjörð hefði verið þar að verki.

Már Kristjánsson smitsjúkdómalæknir ræddi um sýkingu sem orsakavald Fróðárundra. Það er einkum tvennt sem þarf að hafa í huga í sambandi við atburðarásina. Annars vegar að undrin eiga sér stað eftir að Þórgunna lætur lífið í kjölfar pestar en fyrimælum hennar er ekki hlýtt um að eyða rekkjuvoðum og tjöldum hennar. Hins vegar að á þessum tíma var hreinlæti fólks og aðgangur að hreinu vatni ekki upp á það besta. Gera verður ráð fyrir að vatnsból geti hafa mengast og að fólk hafi almennt verið lúsugt.

Í þessu samhengi hefur Sigurður Samúelsson fyrrum prófessor í lyflækningum sett fram þá tilgátu að Þórgunna, sem var vel við vöxt og komin um sextugt, hafi getað verið með gallsteina og því haft langvinna (dulda) sýkingu af völdum



Eitt af fyrstu Íslandskortunum er frá árinu 1752, ekki svo ýkja löngu eftir að Fródárundrin grasseruðu þannig séð. Fróða er norðanmegin á Snæfellsnesi eins og merkt er á kortinu með rauðum punkti, rétt austan við bæjarmörkin á Ólafsvík, þar sem vegurinn liggur yfir Fródárheiði og vedrið getur á einu augabragði orðið svo brjálað að það er göldrum líkast.

taugaveiki (*Salmonella typhi*). Þórgunna gæti hafa mengað vatnsból og aðrir tekið sóttina. Andlát hennar hefði því verið af völdum sýklasóttar sem hafi einkennst af „andvörpum“ og sóttithita. Þeir sem koma í kjölfarið (samtals 12 látast af sótt) hafa

einkenni sóttar, innantöku og ofskynjana gætu hafa fengið taugaveiki.

Vegna þess hve fólk var áður fyrir lúsugt almennt séð er möguleiki á að lýsnar hafi borið með sér smitefni á borð við *Rickettsia prowazekii* sem veldur lúsaflekkusótt (*typhus*). Lýsnar geta hafa leynst

í ársal og hægindum Þórgunnar, borist á aðra meðlimi heimilisins og þessu hafi ekki linnt fyrir en með brennslu framan-greindra klæða.

Félagið bauð uppá kaffiveitingar og er óhætt að fullyrða að þessi fundur verði mönnum eftirminnilegur.

Fyrsta árshátíð
Læknafélags Íslands verður
haldin í Hörpu, Laugardaginn
20. janúar.
Takið daginn frá!